

Samfélagsgreinar 9. bekkur

Kennarar: Agnes María Ásmundsdóttir; Einar Daði Reynisson; Helga Björg Flóventsdóttir

9

Skólaárið

2024 - 2025

Helstu námsþættir vetrarins

Í vetur verður farið í landafræði og sögu 20. aldar. Í landafræðinni er farið yfir uppbyggingu jarðar, landakort, hafstrauma og loftslag. Í sögunni er farið yfir sögu 20. aldar eftir seinna stríð.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennsla í samfélagsgreinum og íslensku er samþætt. Áhersla í samfélagsgreinum er:

Frelsi og velferð; saga 20. aldar eftir seinna stríð til dagsins í dag.

Um víða veröld - Jörðin. Bókin fjallar um náttúruna frá uppbyggingu jarðar þ.e. eldgos og jarðskjálftar yfir í veðrun og rof.

Námsaðlögun

Námsefnið verður aðlagð sem best að þörfum hvers og eins og komið til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Námsmat

Verkefni, próf, kynningar, sjálfsmat og jafningjamat.

Námsgögn

Frelsi og velferð, Um víða veröld - Jörðin og ýmiss verkefni frá kennara.

AS Samfélagsgreinar 9. bekkur 2024 - 2025 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirætlum og nýtt tímann vel
- gefið góðan vinnufrið
- tekið þátt í samræðum og hlustað

AS Samfélagsgreinar 9. bekkur 2024 - 2025 - Reynsluheimur

- fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður
- greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum
- greint hvernig stjórnmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga
- þekkt til mikilvægra breytinga á alþjóðasamfélaginu á undanförunum árum, orsökum og afleiðingum þeirra
- greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annarskonar myndum
- útskýrt meginþætti gróðurfars, loftslags, vana og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.
- útskýrt orsakir og afleiðingar kaldastríðsins
- áttað sig á slæmum afleiðingum fordóma
- bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysgildrum í umhverfinu og náttúrunni
- þekkt til sögu Íslands á seinni hluta 20. aldar og byrjun 21. aldar
- þekkt til helstu átaka í Mið austurlöndum
- greint mismunandi stöðu ólíkra hópa sem búa við mismunun á grundvelli kynneigðar, kynvitundar og félagslegrar stöðu

AS Samfélagsgreinar 9. bekkur 2024 - 2025 - Efnisheimur

- gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun